

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
b/t. nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 17. janúar 2018

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um um stimpilgjald, nr. 138/2013 (mál nr. 21)

Viðskiptaráð fagnar því að Alþingi taki fyrir stimpilgjöld enda hefur ráðið lengi talað fyrir afnámi þess. Í Skoðun Viðskiptaráðs frá 2015: „Leyndir gallar fasteignagjalda“¹ er sérstaklega fjallað um áhrif stimpilgjalda og færð rök fyrir því að þeir hafi skaðlegri áhrif á almenna velferð en aðrir skattar. Stimpilgjöld hækka viðskiptakostnað sem dregur úr veltu og veikir verðmyndun á einum stærsta, ef ekki stærsta, eignamarkaði á Íslandi². Þannig gera stimpilgjöld það dýrara en ella fyrir fjölskyldur að bregðast við breyttum aðstæðum, t.d. vegna barneigna eða atvinnu. Séu erlendar rannsóknir yfirfærðar á Ísland gæti afnám stimpilgjalds á fasteignaviðskipti einstaklinga aukið veltu um meira en 10%³. Aukin velta gæti stutt við fasteignamarkaðinn til framtíðar, sérstaklega ef aðstæður versna í efnahagslífinu sem dregur gjarnan úr veltu. Spyrja má hvort fasteignamarkaðurinn hefði ekki tekið hraðar og betur við sér í kjölfar fjármálakreppunnar ef stimpilgjöld hefðu ekki verið til staðar. Þannig hefði líklega skapast fyrr hvati til íbúðauppbýggingar og ef svo er væri minni skortur á íbúðarhúsnæði í dag. Einnig má nefna að stimpilgjöld draga úr hvatanum til að þetta byggð þar sem þau leggjast á byggingar en ekki lóðir. Samkvæmt mannfjöldaspá Hagstofunnar fjölga landsmönnum um 90 þúsund til ársins 2050 og því er skynsamlegt að skapa hvata til að byggja þéttar á höfuðborgarsvæðinu en raunin hefur verið síðustu áratugi.

Ennfremur leggjum við til að stimpilgjald á fasteignaviðskipti lögaðila verði endurskoðað samhliða afnámi stimpilgjalds á íbúðakaupum einstaklinga. Öll skattlagning á fyrirtæki og stofnanir endar með einum eða öðrum hætti á neytendum auk þess sem sömu rök eiga almennt við um skaðleg áhrif stimpilgjalds á lögaðila.

Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið nái fram að ganga.

Virðingarfyllst,



Konráð S. Guðjónsson
Hagfræðingur Viðskiptaráðs Íslands

¹ Sjá hér: http://vi.is/%C3%BAte%C3%A1fa/skodanir/levndir_gallar_fasteignagjalda.pdf

² Heildarfasteignamat íbúðarhúsnæðis er 4.980 ma.kr., í samanburði er markaðsvirði skráðra félaga í Kauphöll Íslands innan við 1.000 ma.kr.

³ Á blaðsíðu fjögur í *Leyndir gallar fasteignagjalda* er vísað til rannsókna í Bandaríkjunum og Kanada þar sem hækkun stimpilgjalds um 1% af kaupverði hefur leitt til að velta minnki um 8-20%.